

Skólaráðsfundur

FUNDARGERÐ	Tílefni fundar Þriðji fundur skólaráðs		
Dags. fundar 04. desember 2013	Tími (08:10 – 09:45)	Staður Tölvustofa, Digranesi	Nr. fundar 3
Fundarboðandi Sigrún B.	Fundarritari Sigrún Guðm.	Fundarstjóri Sigrún B.	Fj. bls. 1

Boðaðir voru: Sigrún Bjarnadóttir, Anna Guðný Björnsdóttir, Sigrún Guðmundsdóttir, Hallgrímur Geir Gylfason, Selma Guðmundsdóttir, Hólmfríður Einarsdóttir, Ragnar Gíslason, Jakob, Guðrún Embla og Birna Særós.
Mættir voru: Allir nema Hólmfríður.
Málefni fundar: <ol style="list-style-type: none"> Niðurstöður samræmdra prófa Fjárhagsuppgjör Bréf vegna foreldrasamstarfs Opinn fundur skólaráðs Önnur mál

Málefni	Niðurstaða
1. Niðurstöður samræmdra prófa.	Sigrún fór yfir niðurstöður samræmdra prófa. Í 4. bekk í íslensku erum við á landsmeðaltali. Stafsetningarhlutann þurfum við að skoða og er þegar byrjað áttak með það. Ritunaráttak hefur greinilega skilað sér. Í stærðfræði er árgangurinn 0,2 fyrir neðan landsmeðaltal. Skólinn fékk styrk úr þróunarsjóð eyrnamerkta stærðfræði á yngsta stigi og er verið að vinna úr því. Íslenska í 7. bekk er 0,1 fyrir ofan landsmeðaltal og er stærðfræðin í góðum málum 0,6 fyrir ofan. Í 10. bekk eru niðurstöðurnar fínar.
2. Fjárhagsuppgjör	Uppgjör ársins 2012 var að koma og fór Sigrún aðeins yfir fjárhagsáætlunir síðustu ára. Staða skólans um síðustu áramót var góð. Nýbúa- og sérdeild fá sérúthlutun en umræða skapaðist um skiptingu milli deilda.
3. Fyrsta umræða um stefnumótun	Rætt um áætlaðan stefnumótunardag í maí en nú á að hafa hann frá kl 16-19 á virkum degi. Sigrún bað fundarmenn að hugsa aðeins um hvaða efni ætti að taka fyrir. Hugmyndir komu um námskrána, grunnþættina, nýbúa- og sérdeild, skólabrag o.fl. Verður tekið aftur fyrir eftir júl.
4. Önnur mál	Sigrún sagði frá því að móttaka var haldin fyrir Norðurlandameistara skólans í skák. Jakob kom með fyrirspurn varðandi bókasafnið í Hjalla hvort það gæti ekki verið aðgengilegra fyrir nemendur sem vilja koma þangað og læra og ætlar Sigrún að ganga í það mál. Búið er að skipa þróunarteymi í upplýsinga- og tæknimennt og verið er að skoða að nemendur geti komið með sínar tölvur í skólann. Nú er verið að leggja lokahönd á umbótaáætlun varðandi ytra mat skólans sem þarf að senda til ráðuneytisins en einnig fer hún fyrir skólanefnd. Sigrún rifjaði aðeins upp hvað fælist í ytra mati skólans. Selma kom því á framfæri að það vantaði inn á heimasíðu skólans hverjir væru í skólaráði og verður það lagfært.
5. Gengið um Digranes.	Framkvæmdir í Digranesi: Fundarmenn gengu um Digranes þar sem Sigrún fór í gegnum þær hugmyndir sem upp eru. Fundu slitið kl 9:45